



Borðtennisdeild Víkings

Bikarkeppni félaga 22. apríl 2017.

**Bikarkeppni félaga í borðtennis fer fram í TBR-Íþróttahúsinu
laugardaginn 22. apríl 2017 kl. 13:00.**

Mótið er í umsjón Borðtennisdeildar Víkings.

Leikið verður samkvæmt reglugerð BTÍ um keppnina.

Fyrirkomulag keppni er eftirfarandi:

Í lið þarf að lágmarki 2 karla og 1 konu. Þar sem um bikarkeppni félaga er að ræða skulu allir leikmennirnir vera í sama félagi. Hver leikmaður má aðeins leika í einu liði. Leikið er með úrsláttarfyrirkomulagi. Það lið sigrar sem fyrr hlýtur 4 vinninga og lýkur þá leik.

Leiknir eru 7 leikir í þessari röð:

1. Einliðaleikur karla A – X
2. Einliðaleikur karla B-Y
3. Einliðaleikur kvenna
4. Tvíliðaleikur karla
5. Tvenndarkeppni
6. Einliðaleikur karla A-Y
7. Einliðaleikur karla B-X

Þar sem um bikarkeppni er að ræða eru lið dregin úr einum potti fyrir hverja umferð. Tapi lið leiknum er það úr leik. Leikið verður með Stiga 3ja stjörnu kúlum. Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin og bikarmeistararnir fá farandbikar til varðveislu í eitt ár.

Þátttökugjaldið í mótið er kr. 5.000 á lið.

**Dregið verður í mótið Þriðjudaginn 18. apríl kl. 18:00 í
TBR-Íþróttahúsinu.**

Skráningar: Pétur s-8940040/pos@itn.is

Síðasti skráningardagur er Þriðjudagur 18. apríl kl. 16:00.

Með Borðtenniskveðju
F.h. Borðtennisdeildar Víkings
Pétur Ó. Stephensen